

Þriðjudaginn 28. september 1976.

Nr. 137/1976. **Guðmundur Páll Kristjánsson**
 gegn
Energoprojekt og
Bjarna Pálssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísun. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. maí 1976, en hún barst Hæstarétti 2. júlí sl. Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um hinn kærða frávísunardóm 3. maí sl., krefst þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar hafa hvor um sig krafist staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málatilbúnaði sóknaraðilja var ábótavant í héraði. Hefur héraðsdómari af þeim sökum vísað málinu frá dómi. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að grípa fram fyrir hendur héraðsdómara, enda er sóknaraðilja fær sú leið að stefna málinu að nýju fyrir héraðsdóm og reifa þá málið skilmerkilega. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum hvorum um sig 7.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Páll Kristjánsson, greiði varnaraðiljum, Energoprojekt og Bjarna Pálssyni, hvorum um sig 7.000 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar í dag, hefur Guðmundur Páll Kristjánsson trésmiður, Lindargötu 60, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu 18. mars 1975 á hendur Energoprojekt, Suðurlandsbraut 12 í Reykjavík, og Bjarna Pálsyni, Auðbrekku 33 í Kópavogi.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur aðallega, að báðir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skuld að fjárhæð kr. 324.050 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 13. nóvember 1974 til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, til vara, að stefndi Energoprojekt verði dæmdur til að greiða sömu kröfur, og til þrautavara, að stefndi Bjarni Pálsson verði dæmdur til að greiða sömu kröfur.

Í greinargerð lögmanns stefnanda, sem fram var lögð við þingfestingu, setur stefnandi fram nýja varakröfu, þannig að fyrri varakrafa verði þá þrautavarakrafa og þrautavarakrafan verði til ýtrustu þrautavara. Hin nýja varakrafa er á þá leið, að stefndi Energoprojekt verði dæmdur til að greiða kr. 320.000 með vöxtum sem í aðalkröfu og stefndi Bjarni verði dæmdur til að greiða kr. 4.050 með sömu vöxtum. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar í varakröfunni úr hendi stefndu in solidum.

Báðir stefndu hafa aðallega krafist frávísunar málsins, en til vara sýknu. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Í greinargerð stefnanda er málsatvikum lýst á þá leið, að hinn 28. ágúst 1974 hafi stefndi Bjarni Pálsson gert samning um niðurfir og endurreisn 2ja íbúðarskála, sem stóðu í Aðaldal, við eftirtalda menn: Garðar Sigfússon, Ólaf Eyjólfsson, Óskar Karlsson, Inga Ingvarsson, Óskar Bjarnason, Ásmund Kristjánsson, Gunnar Sveinsson, Bjarna Sætran og stefnanda. Skyldu skálarnir fluttir til endurreisnar að Sigöldu. Verkið átti að vinnast fyrir stefnda Energoprojekt og hafi stefndi Bjarni, sem þá hafi verið verkstjóri hjá því fyrirtæki, gert við það verksamning um framkvæmdirnar og átt að fá fyrir það kr. 4.250.000. Allir framangreindir starfsmenn, sem stefndi Bjarni hafi fengið til verksins, hafi þá verið starfsmenn stefnda Energoprojekt. Hafi það verið skilningur þeirra

allra, að þeir væru í leyfi hjá fyrirtækinu, enda hafi engum þeirra verið sagt upp starfi, meðan umrætt verk var unnið. Hafi þeir og sótt um slíkt leyfi hjá yfirboðurum sínum og verið það veitt. Vinna við verkið hafi hafist 1. september 1974 af öllum umræddum aðiljum nema Inga Ingvarssyni, en hann hætti við þátttöku. Þar sem allir umræddir starfsmenn hafi verið ráðnir upp á fasta greiðslu fyrir verkið og aukin störf hlutu að falla á þá vegna fjarvistar Inga, hafi verið samið um það við stefnda Bjarna, að hlutur Inga, kr. 280.500, færi til þess að kaupa vinnuafli eftir því sem henta þætti. Því, sem ekki yrði þannig varið, skyldi skipt milli þeirra starfsmanna, sem ynnu þau störf, sem Inga voru ætluð, þ. e. trésmíðastörf, og hafi stefnandi verið einn þeirra. Verkamenn hafi verið fegnir, sem unnu við að rífa skálana, ferma flutningabíla og fleira, sem til féll. Ekki hafi tekist að fá upplýst, hve mikið þeim mönnum hafi verið greitt. Verkið hafi gengið eðlilega fyrir sig og hafi verið búið að rífa báða skálana í Aðaldal og koma þeim í flutning um 10. september 1974 og þá hafi einnig verið hafinn undirbúningur að endurreisn þeirra að Sigöldu. Óskar Bjarnason hafi hætt störfum hinn 16. september 1974. Hafi þeir, sem eftir voru, talið, að þeim bæri til skipta launahlutur Óskars frá þeim tíma, er hann hætti störfum, svo sem verið hafði um hlut Inga Ingvarssonar. Lokið hafi verið að flytja og endurreisa skálana hinn 2. október 1974. Komið hafi í ljós strax við upphaf verksins, að skálarnir hafi í veigamiklum atriðum verið frábrugðnir því, sem ætlað hafði verið og stefndi Bjarni hafði lýst fyrir starfsmönnum. Hafi verkið fyrir þá sök verið seinunnara. Þá hafi komið í ljós, að nauðsynlegt hafi verið að breyta og endurbyggja skálana að nokkru, til þess að þeir gætu gegnt hlutverki sínu, m. a. hafi allmikið verið fúið og ónýtt af gólfklæðningu og innveggjagrindum svo og veggklæðningu. Hafi þar allmikil nýsmíði orðið að koma til. Hafi verið ákveðið, að starfsmennirnir tækju þetta verk að sér, undir verkstjórn stefnda Bjarna, í tíma-vinnu og hafi verkið verið unnið í beinu framhaldi af því verki, sem lokið var. Stefnandi hafi hætt störfum við verk þetta hinn 13. nóvember 1974. Vinnu við þetta verkefni hafi yfirleitt verið hagað svo, að byrjað var kl. 0700 og unnið til kl. 2200 og unnið alla daga, sunnudaga jafnt sem aðra. Þegar líða tók að lokum verksins, hafi launagreiðslur til starfsmanna gerst tregar og þegar verkinu lauk, hafi stefnandi átt mikinn hluta launa sinna ógreiddan og hafi þau enn ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar í greinargerð svo:

1. Umsamið kaup sky. vinnusamningi	kr. 280.000
2. Hlutdeild í hlut Inga Ingvarssonar, $\frac{1}{5}$ af kr. 280.500	— 56.100
3. Hlutdeild í $\frac{1}{2}$ hlut Óskars Bjarnasonar, $\frac{1}{5}$ af kr. 114.750	— 22.950
4. Tímavinna við nýsmíði og fleira, kr. 8.000 pr. dag í 40 daga	— 320.000
5. Leiga fyrir afnot af naglabyssu stefnanda	— 35.000

Samtals kr. 714.050

Frá dregst innborgun stefnda Bjarna — 390.000

Kr. 324.050

Við munnlegan flutning málsins í dag um frávísunarkröfu stefndu krafðist stefnandi þess, að frávísunarkröfu yrði hrundið og að stefndu yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað í frávísunarþættinum.

Stefndu styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi á því, að engin grein sé gerð fyrir því af hálfu stefnanda, með hvaða rétti hann geti beint málssókn sinni að báðum stefndu solidarískt. Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda Bjarna á vinnusamningi (dskj. nr. 3) milli aðilja þeirra, sem unnu að umræddu verki, en hvergi er sýnt fram á viðskipti milli stefnanda og Energoprojekt. Það félag gerði hins vegar verksamning við stefnda Bjarna um niðurrif, flutning og uppsetningu umræddra skála. Virðist sem stefnandi telji sér rétt á kröfu úr hendi félagsins fyrir einhverja tímavinnu. Kröfur stefnanda á hendur stefndu séu því ekki af sömu rót runnar og því sé aðiljasamlag þetta óheimilt samkv. ákvæðum einkamálalaga. Í öðru lagi þá séu kröfur stefnanda svo vanreifaðar, að vonlaust sé fyrir stefndu að reyna að taka til varna um þær. Engin grein sé gerð fyrir því, hvernig samningum um hlutdeild stefnanda í vinnu Inga Ingvarssonar og Óskars Bjarnasonar var ákveðin eða hvernig fimmtungshlutfallið sé fundið. Þá vanti allar upplýsingar um fjölda tímavinnustundanna, hvernig þær voru framkvæmdar og samkvæmt hvaða kjarasamningi þær hafi verið unnar. Stefnandi slái aðeins fram kröfu um kr. 8.000 á dag samkvæmt einhverri venju, en getur einskis um, hvaðan sú venja sé komin. Þá sé heldur engin grein gerð fyrir kröfu stefnanda um leiguafnot af naglabyssu, hvorki um réttmæti kröfunnar né fjárhæð. Í þriðja lagi er frá-

vísunarkrafa stefndu þeim rökum studd, að verksamningur milli framangreindra manna um margnefnt verk hafi verið gerður af þeim í sameiningu við stefnda Energoprojekt (dskj. nr. 8), og því beri þeir allir saman óskipta skyldu og eigi óskipt réttindi samkvæmt honum. Beri þeim því öllum að taka þátt í málshöfðun þessari samkvæmt 46. gr. einkamálalaga og þar sem þeir hafi ekki gert það, beri einnig að vísa málinu frá af þeim sökum.

Málsástæður stefnanda fyrir því, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið, eru þær í fyrsta lagi, að verk það allt, sem margnefndir félagar framkvæmdu, sé af sömu rót. Hér sé um að ræða sama atvikið, þ. e. að rífa, flytja og reisa margnefnda skála fyrir Energoprojekt svo og endurbygging þeirra, sem nauðsyn var til. Það sé því óbeint samband á milli verkanna. Vinnusamningurinn milli starfsmannanna hafi verið frumsamningur, sem lokið hafi verið með verksamningnum milli stefnda Bjarna og Energoprojekt. Kröfurnar á hendur báðum stefndu séu byggðar á sama kjarasamningi, þ. e. á milli Energoprojekt og þeirra verkafélagsfélaga, sem hlut áttu að máli (dskj. nr. 16), en þar segi í ákvæði 1.28., að „þeir aðalverktakar, sem byggja Sigölduvirkjun, skulu bera ábyrgð á öllum undirverktökum sínum gagnvart samningnum. Skulu slíkir undirverktakar bundnir af sömu samningum og aðalverktakar“. Eigi ákvæði þetta beint við um skipti þeirra aðilja, sem að umræddu verki stóðu, bæði verksamningurinn og tímavinnan. Í annan stað er krafa stefnanda á því byggð, að allir aðiljar hafi vitað um alla þætti málsins, áður en málið var höfðað. Deila hafi verið um greiðsluábyrgð milli hinna stefndu aðilja. Allar upplýsingar málið varðandi séu í höndum stefnda Bjarna, þ. á m. fjöldi tímavinnustunda og útreikningur á þeim. Þá sé stefndi Energoprojekt besti aðilinn til að upplýsa um kauptaxta, sem í gildi séu hverju sinni, og stefnandi sé sá aðili, sem síst geti lagt fram skrifleg gögn. Öll þessi atriði megi upplýsa á síðara stigi málsins. Krafa um frávísun vegna vanreifunar sé því óréttmæt. Í þriðja lagi bendir stefnandi á það, að krafa margnefndra manna sé skiptanleg, svo sem samningurinn á dskj. nr. 3 beri með sér, og því sé hverjum og einum um sig rétt að sækja kröfu sína sjálfstætt. Frávísun eigi því ekki rétt á sér af þeim sökum.

Eins og áður er greint frá, gerðu framannafngreindir átta aðiljar ásamt stefnanda og stefnda Bjarna með sér „samkomulag“, dags. 28. ágúst 1974, um það, „að vinna saman að niðurtekningu 2ja íbúðarskála, sem standa við Laxárvirkjun í Aðaldal, og endurbyggja sömu skála fyrir Energoprojekt að Sigöldu“. Í þessu sam-

komulagi eru fjárhæðir tilgreindar til hvers, að undanskildum stefnda Bjarna, þannig:

Ólafur Eyjólfsson	kr. 280.500
Óskar Karlsson	— 280.500
Ingi Ingvarsson	— 280.500
Óskar Bjarnason	— 229.500
Ásmundur Kristinsson	— 229.500
Garðar Sigfússon	— 229.500
Páll Kristjánsson	— 280.500
Síðan Gunnar Sveinsson pípulagningamaður . .	— 318.750
og Bjarni Sætran rafvirki	— 544.000
÷	— 100.000

en þeir tveir muni vinna að því, er að þeirra fagi lýtur við skálana.

Þá liggur fyrir í málinu samningur (agreement) milli stefnda Energoprojekt sem eiganda og Bjarna Pálssonar, Inga Ingvarssonar og Páls Kristjánssonar (stefnanda máls þessa) sem verk-taka, dags. 30. ágúst 1974, um verk það, sem ræðir um í fyrrgreindu „samkomulagi“. Þessi samningur er ritaður á ensku, en undir hann rita aðeins stefndi Bjarni og fulltrúi stefnda Energo-projekts. Í samningi þessum er ákveðin fjárhæð tilgreind fyrir verkið, tímaákvörðun um framkvæmd þess, sem hefjast skyldi þá þegar og ljúka hinn 30. september 1974, dagsektir vegna dráttar á skilum verksins auk annarra atriða, sem ekki þykir ástæða til að rekja hér frekar.

Þá liggur og fyrir í málinu kjarasamningur ýmissa íslenskra félaga á sviði vinnumarkaðar við stefnda Energoprojekt.

Stefnandi hefur beint eigin kröfum úr margnefndu verki á hendur stefndu. Er honum það heimilt til dómsúrlausnar samkv. ákvæðum 46. gr. einkamálalaga. Verður frávísunarkrafa stefndu því eigi til greina tekin að því leyti sem hún er á því ákvæði byggð.

Stefnandi hefur beint fjórum kröfum sínum ýmist á hendur stefndu báðum, sjálfstætt á hendur hvorum um sig og skiptanlega. Þær kröfur eru byggðar á „samkomulaginu“ frá 28. ágúst 1974, sem áður er rakið, samningi (agreement) frá 30. s. m. og fyrrnefndum kjarasamningi. Telur dómarrinn, að málsreifun stefnanda sé óskýr að því leyti, hvort honum sé heimilt að sækja málið á hendur stefndu með þessum hætti, sbr. 47. gr. einkamála-laga. Í annan stað hefur stefnandi á engan hátt gert grein fyrir

hinum tilteknu unnu aukavinnustundum, launataxta fyrir þær stundir, taxta eða þóknun fyrir leiguafnot af naglabyssu né greiddum kostnaði til annarra aðilja vegna fráhvarfs tveggja upprunalegra aðilja að verkinu samkvæmt „samkomulaginu“. Að þessu öllu athuguðu þykir málshöfðun stefnanda og rekstur vera með þeim hætti, að mjög brýtur í bág við ákvæði einkamálalaga um skýran málatilbúnað og fullnægjandi reifun máls. Ber því að vísa málinu frá dómi. Eftir atvikum þykir þó rétt að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. október 1976.

Nr. 84/1976. **Sigurbjörn Eiríksson**

gegn

**Innheimtumanni ríkissjóðs
í Rangárvallasýslu.**

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.